

Hverfisráð Hríseyjar

78. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði í Hlein þriðjudaginn 8. apríl klukkan 14.

Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anton Már Steinarsson.

Dagskrá:

1. Bæjarráð Akureyrar lýsti yfir þungum áhyggjum af ótryggðu atvinnuástandi sem íbúar Hríseyjar búa við. Bæjarráð taldi mikilvægt að grípa til bráðaáðgerða til að bregðast við því áfalli að Útgerðafélagið Hvammur hafi sagt upp öllu sínu starfsfólki. Bæjarráð taldi þá afar brýnt að halda áfram markvissri vinnu til að tryggja blómlegt mannlíf í eyinni til lengri tíma litið
Hverfisráð Hríseyjar óskar eftir útlistun á því hvað bæjaryfirvöld hafi gert og hvort áætlun sé í gangi? Hvert stefnt sé?
2. Í vetur hófust viðræður við bæjaryfirvöld um nýtingu á Hlein. Hver er staða þeirra mála?
3. Enn bolar ekkert á lækni en hjúkrunarfræðingur var til viðtals þriðjudaginn 8. apríl.
4. Undirbúningur að umsókn um þátttöku í verkefni byggðastofnunar um brothættar byggðir. Fundur verður haldinn miðvikudaginn 17. apríl með Hreini Þór.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 15:00.

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur